

Guðni A Jóhannesson

Orkumálastjóri

Jólaerindi 2012

Ágætu starfsmenn Orkustofnunar og aðrir gestir

Nú, þegar liðin eru næstum slétt fimm ár síðan ég tók við starfi orkumálastjóra, er ekki úr vegi að líta yfir farinn veg og skoða hvernig stofnunin hefur þróast á þessu tímabili.

Stjórnsýsla

Í upphafi árs 2008 hafði rannsóknasvið Orkustofnunar á sviði jarðfræði verið skilið frá stofnuninni með myndun Íslenskra orkurannsókna ÍSOR. Á árinu 2008 þjónaði orkumálastjóri tveimur herrum. Umhverfisráðuneytið var tekið við formlegri ábyrgð á Vatnamælingum frá iðnaðarráðuneytinu, en ný Veðurstofa Íslands sem þær runnu inn í hófu ekki starfsemi sína fyrr en í ársbyrjun 2009.

Þessar einingar höfðu þróast úr því að vera opinbert rannsóknafyrirtæki í að þjóna vaxandi sjálfstæðum orkumarkaði með rannsóknum vegna undirbúnings og reksturs virkjana. Það fór ekki saman að sama stofnun væri að selja þjónustu og hafa með höndum stjórnsýslu gagnvart viðskiptamönnum sínum.

Eftir að Árósasamkomulagið var samþykkt á Alþingi í lok árs 2011 var skipan þessara mála breytt í grundvallaraatriðum þannig að nú bera stjórnsýslustofnanir einar ábyrgð á leyfisveitingum og úrskurðum og þessar stjórnsýsluathafnir eru síðan kærarlegar til sérstakra úrskurðarnefnda.

Um mitt ár 2008 fól iðnaðarráðherra Orkustofnun vald sitt til að gefa út rannsóknar- og nýtingarleyfi skv. auðlindalögum og virkjunarleyfi skv. raforkulögum og hafa eftirlit með framkvæmd þeirra. Fram að þeim tíma hafði ráðuneytið annast útgáfu leyfa með stuðningi af sérfræðivinnu og umsögnum stofnunarinnar.

Þetta var mögulegt, þar sem á þeim tíma var Orkustofnun hætt öllum þjónusturannsóknum og öll tilefni til vanhæfis þar með horfin.

Þegar Vatnamælingar sameinuðust nýrri Veðurstofu Íslands varð stofnunin laus við öll viðskipti og þróun hennar í átt til hreinnar stjórnsýslu sem hófst með aðskilnaði ÍSOR var nú hægt að fullnusta.

Þannig hefur í raun verið skilið á milli einstakra stjórnsýsluathafna og hins pólitíska valds. Um leið hefur ábyrgð stofnunarinnar í ferlinu aukist að mun og stofnunin hefur þróað með sér nýjar vinnureglur og verkferla og vinnureglur til þess að mæta því.

Það er rétt að nefna nokkur áhersluatriði þessu tengd.

Í fyrsta lagi stefnum við að því að allar veigameiri ákvarðanir séu ekki unnar af einum starfsmanni heldu undirbúnar af stærra teymi.

Þetta gerum við annars vegar í þeim tilgangi að tryggja vandaðan undirbúning ákvarðana og hins vegar vegna þess að ekki eru allir sammála okkar niðurstöðum og ákvörðunum.

Þá er alltaf sú hættu fyrir hendi að þeir sem telja sig bera skarðan hlut frá borði beini gagnrýni sinni að einstökum starfsmönnum til að mynda með því að draga hæfi eða hæfni þeirra og ásetning í efa.

Við slíkar aðstæður er nauðsynlegt að geta með skýrum hætti gert grein fyrir því að niðurstöður og ákvarðanir eru ekki einkamál einstakra starfsmanna og að stofnunin og orkumálastjóri taka fulla ábyrgð á þeim.

Í öðru lagi er málshraðareglan mjög mikilvæg. Grundvöllur að því að geta sinnt erindum innan eðlilegra tímamarka er að fyrir liggi nákvæm skráning þau sé rétt skráð inn þar sem fram kemur hverjir eru ábyrgir, hverjir eru starfsmenn og hver séu tímamörk.

Einstök stjórnsýsluferli geta verið erfið og tekið lengri tíma en algengasta orsök fyrir töfum er þó að við erum háð umsögnum utanaðkomandi aðila og það getur verið svolítið streð að fá þær í hús.

Oft gera umsagnaraðilar sér erfitt fyrir með því að taka óbeðnir að sér stjórnsýslu okkar og skoða málið heildstætt og gera tillögu að endanlegri afgreiðslu málsins.

Enn fremur getum við átt von á umfjöllun um álitæfni sem ekki eru hluti erindisins og ætti þess vegna að finna annan farveg.

Það virðist því full ástæða til að fram fari umræða um einhvers konar verklagsreglur fyrir umsagnir innan stjórnsýslunnar og leiðbeiningar fyrir umsagnaraðila utan stjórnsýslunnar.

Þannig gætu þeir gert sér grein fyrir mikilvægi þess að setja fram málefnalegar athugasemdir og rök vegna þess að órökstuddar fullyrðingar og skoðanir eru oftast en ekki léttvægar fundnar í endanlegri afgreiðslu.

Í þriðja lagi er það svo jafnræðisreglan. Stjórnsýsla okkar á að vera einsleit t.d. án tillits til þess hvort við erum að fást við einkafyrirtæki eða fyrirtæki rekin í almannabágu.

Það þýðir að fjölbreytilegri samsetningu þeirra aðila sem koma að nýtingu auðlinda þarf að mæta með nákvæmari eftirfylgni laga og reglugerða.

Stjórnsýsla Orkustofnunar stendur fyrst og fremst á faglegum grunni.

Þau mál sem koma á okkar borð tengjast mörgum mismunandi fræðasviðum eins og jarð- og jarðeðlisfræði, vatnafræði, mannvirkja-, véla- og rafmagnsverkfræði, upplýsingafræði, hagfræði auk lögfræðinnar.

Þekking okkar byggist upp annars vegar hjá þeim sérfræðingum sem starfa við stofnunina en er aukin og viðhaldið í gegnum tengsl okkar og samskipti við vísindasamfélagið með kaupum á viðbótarráðgjöf eftir þörfum.

Aðkoma stofnunarinnar að rannsóknum og sterk tengsl við rannsóknasamfélagið er forsenda þess að hún geti gegnt hlutverki sínu.

Þetta er sérstaklega áréttað hér vegna þess að það hafa verið settar fram hugmyndir um að það samræmist ekki stjórnsýsluhlutverki stofnunarinnar að hún hafi aðkomu að rannsókn- og vísindaverkefnum eða hlutist til um öflun nýrrar þekkingar á sínum stjórnsýslusviðum.

Stjórnsýsluverkefni Orkustofnunar eru því miður ekki þess eðlis að afgreiðslur mála geti byggt eingöngu á lögum og handbókarefni heldur verður í flestum málum að afla nýrrar þekkingar og oftast en ekki út fyrir ramma stofnunarinnar.

Við aukin stjórnsýsluhlutverk varð lögfræðin stærri þáttur í starfsemi og nú starfa tveir lögfræðingar við stofnunina.

Mörg okkar stjórnsýsluferla eru samkvæmt nýsettum lögum eða lagabreytingum. Það liggur því töluverð greiningarvinna og mikil umræða á bak við okkar stjórnsýsluathafnir.

Annars vegar viljum við vanda vel til verka þannig að verk okkar standist skoðun hjá úrskurðarnefnum og dómstólum.

Hins vegar eru þessar fyrstu stjórnsýsluathafnir viðmiðanir og verkferlar sem nýtast okkur í framhaldinu.

Það er og mikilvægt að lögfræðileg og fagleg stjórnsýsla fléttist saman þannig að markmiðum beggja sé náð í endanlegri afgreiðslu.

Skipulag stofnunarinnar

Eins fram kemur er starfsvið Orkustofnunar fjölþætt og nær til margra ólíkra fagsviða.

Sé Jarðhitaskólinn tekinn undan er stofnunin með tæplega 33 starfsmenn og það er sífellt undrunarefni erlendra gesta stofnunarinnar hvernig þetta sé hægt.

Það skýrist í fyrsta lagi af því, að skipulag stofnunarinnar er flatt með lágmarks yfirstjórn og verkefni eru rekin af teymlum, þannig að einstakir starfsmenn eru samnýttir á milli fagsviða.

Það gefur OS einnig möguleika á að bregðast við breytilegu álagi í einstökum þáttum starfsins.

Stofnunin hefur getað keypt viðbótarþjónustu með skilgreindum verkefnum til að sinna ákveðnum grunnþáttum stjórnsýslunnar, eins og t.d. gagnaöflun, án þess að grípa inn í sjálft stjórnsýsluferlið sem stofnunin þarf ávallt að bera ábyrgð á.

Þannig hefur fjármögnun utan fasts rekstarkostnaðar verið nauðsynlegur hluti af stjórnsýslu OS og samtímis skapað sveigjanleika til þess að taka á móti breytilegu álagi í einstökum þáttum.

Hugmyndir sem fram hafa komið um að hinn útivistaði kostnaður stofnunarinnar liggi hjá einu ráðuneyti og fastur kostnaður hjá öðru hljóta því að skoðast sem fullkomlega

óraunhæfar og í engu samræmi við markmið stjórnkerfisbreytinganna um skilvirkari stjórnsýslu.

Sameiginlegar þarfir þeirra aðila sem störfuðu í Orkugarði voru leystar með sérstöku rekstrarfélagi sem sá um bókhald og hvers konar rekstur.

Árið 2009 var rekstarfélagið lagt niður og t.d. bókhaldsvinna fyrir Orkustofnun og Ísor aðskilin. Aðrir rekstrarþættir eins og t.d. rekstur tölvukerfis, húsnæðis og mótuneytið voru leystir þannig að annar aðilinn tók að sér ákveðinn rekstrarþátt innan eigin reksturs en kostnaðinum síðan skipt.

Orkustofnun sér um tölvukerfi, móttöku og bókasafn sem þjónar öllum þessum aðilum, í framhaldi af því fluttu allir starfsmenn Orkustofnunar upp á þriðju hæðina nema þeir sem tengjast bókasafni, móttöku og Jarðhitaskólanum, sem eru á neðstu hæðinni.

Vatnamál

Það var ágætis kennslustund í stjórnsýslu þegar ég var staddur til þess að halda erindi á fundi umsýslumanna fasteigna í Rússlandi um bættu orkunýtingu og endurnýjanlega orkugjafa.

Vatnsveitustjórinn las mönnum pistilinn og spurði með þjósti hvers vegna ekki væri búið að koma fyrir vatnsmælum í stærri fasteignum eins og lög gerðu ráð fyrir.

Fasteignarekendur meðal fundarmanna ætluðu ekki að láta eiga neitt inni hjá sér og báru því við að væri alls ekki þeirra sök.

Í fyrsta lagi væri þessi tækni nýtilkomin og söluaðilar og tæknimenn hefðu enga þekkingu til þess að koma þessum búnaði í stand, í öðru lagi þyrfti að tryggja gæði vatnsins áður en væri farið að mæla og verðleggja það eins og munaðarvöru og í þriðja lagi væri alveg spurning hvort vatnið væri ekki of skítugt til þess að yfirleitt væri hægt að mæla það.

Þarna brast túlk minn örendið og ég varð að ráða í áframhaldandi orðaskipti út frá hljómfalli og svipbrigðum.

Tilfinning mín var sú að vatnsveitustjórinn hefði verið borinn ofurliði, reyndar með dyggum stuðningi fulltrúa löggjafans, Dúmunnar, sem sagði að margir hefðu komið að máli við sig og sagt að lögin væru hinn mesti gallagripur.

Almennar auðlindarannsóknir á sviði vatnamála, um fimm sjöttu af umfangi vatnarannsókna, voru færðar til Vatnamælinga og síðan nýrrar Veðurstofu Íslands árið 2008 með sérstökum samningi og Orkustofnun bar aðeins ábyrgð á rannsóknum tengdum auðlindanýtingu eftir það.

Þar er fyrst og fremst um gagnaöflun til eftirlits að ræða, enda er hugtakið rannsóknir býsna víðtækt á íslensku og nær yfir bæði gagnasöfnun og akademískar rannsóknir.

Með breytingum á vatnalögum sumarið 2011 var Orkustofnun falin stjórnarsýsla með yfirborðsvatni og viðeigandi leyfisgjöf og eftirlit.

Orkustofnun tók svo við fullri stjórnarsýslulegri ábyrgð á rannsóknar- og nýtingarleyfum skv. auðlindalögum og virkjunarleyfum skv. raforkulögum frá iðnaðarráðuneytinu í ársbyrjum 2012.

Ágreiningi vegna þessara leyfa er skotið til áfrýjunarnefndar auðlinda- og umhverfismála, en ekki til ráðuneytisins, og er það í samræmi við anda Árósasamkomulagsins og vilja löggjafans um tveggja þrepa stjórnarsýslu.

Á síðustu fimm árum hefur Orkustofnun verið að þróa það sem nefna má hæfilegt eftirlit með nýtingu vatnsauðlinda í samræmi við nýtt hlutverk sitt, jafnframt því sem umhverfisgeirinn kallar eftir sífellt ítarlegri upplýsingum á sviði orku- og auðlindamála.

Þar vill stofnunin leggja sitt af mörkum til samhæfingar og samnýtingar, þannig að aðilar sem nýta auðlindir séu ekki krafðir oftast en einu sinni um sömu upplýsingarnar og stjórnarsýslan sé ekki að vinna sömu verkin á mörgum stöðum.

Gagnamál og rafræn stjórnarsýsla

Starfsemi OS stendur á gömlum merg, stofnár var 1967 og er stofnunin 45 ára. Skjala- og gagnasöfn endurspeglar starfsemi stofnunarinnar og forvera hennar og ná aftur fyrir aldamótin 1900.

Hlutverk Orkustofnunar er skv. lögum að safna, miðla og veita aðgengi að gögnum og upplýsingum um orku- og auðlindamál, náttúrufar og orkubúskaparmál sem aflað hefur verið á stofnuninni í gegnum tíðina.

Einnig hefur ráðuneyti orkumála falið OS að varðveita skjöl og sögu Rammaáætlunar frá upphafi.

Nýtt stjórnarsýsluhlutverk og auknar utanaðkomandi kröfur á þessu sviði skapa vissulega nokkurt álag í starfsemi stofnunarinnar.

Því viljum við mæta eftir föngum með aukinni rafrænni stjórnarsýslu, samvinnu við aðrar stofnanir og bættu skipulagi og verkferlum, þannig að aukinn kostnaður sé í lágmarki. Á þessu sviði er enn verk að vinna á næstu árum.

Starfsemi á sviði gagnamála á Orkustofnun hefur tekið nokkrum breytingum á liðnum árum.

Við tilfærslu þjónusturannsókna á sviði jarðhitamála og vatnafars frá stofnuninni jókst stjórnarsýslulegt hlutverk hennar og taka gagnamálin nú fyrst og fremst mið af því.

Verkefni sem áður voru sameiginleg eru nú aðgreind, þó samstarf sé áfram um vinnslu afmarkaðra verkefna samkvæmt rammamálum og verksamningum.

Unnið var að skiptingu gagnasafna milli Orkustofnunar og Vatnamælinga annars vegar og Orkustofnunar og ÍSOR hins vegar og er nú alger aðgreining í vinnslu gagna, enda verður slíkt að vera til að samkeppnissjónarmiða og jafnræðis sé gætt.

Orkustofnun rekur nú tvær vefsjár, Landgrunnsvefsjá og Orkuvefsjá, en rekstri Gagnavefsjár og Náttúruvefsjár hefur verið hætt.

Áður en vefsjanum var lokað var séð til þess að öll gögn sem birtust í þeim væru afrituð ásamt því að teknar voru skjámyndir af útliti allra helstu kafla þeirra.

Nýju vefsjárnar eru byggðar á uppfærðri útgáfu íslensks hugbúnaðar sem upphaflega var hannaður vegna Náttúruvefsjár, en vefsjárnar birtast báðar á íslensku og ensku.

Landgrunnsvefsjain birtir upplýsingar um gögn af svæðum á landgrunninu, einkum Drekasvæðinu, en Orkuvefsjainni er ætlað að birta upplýsingar um önnur landræn gögn sem unnin eru á vegum Orkustofnunar.

Stofnunin hefur beitt sér í varðveislumálum landfræðilegra gagna meðal annars í samstarfsverkefnum með Landsbókasafni og Þjóðskjalasafni Íslands.

Í því efni hafa kort landmælinga Orkustofnunar og jarðfræði- og vatnafarskort verið skráð og skönnuð í hárrí upplausn.

Blaðskiptingar kortanna eru nú aðgengilegar í Orkuvefsjá þar sem mögulegt er að skoða kortin sjálf ásamt skráum um þau.

Flokkar skannaðra korta hafa verið afhentir til helstu lykilstofnana sem óskað hafa eftir að fá afritin, en frumfilmum og pappírskortum hefur verið skilað til langtímavarðveislu á söfnunum.

Afrit á pappír eru til af öllu í kortasafni Orkustofnunar.

Þá hefur verið leitast við að veita aukið aðgengi að upplýsingum úr gagnagrunni á vefsíðu stofnunarinnar.

Meðal annars er nú mögulegt að leita í skrá yfir teikningasafnið frá upphafi, alls 37.500 teikningar og einnig í skrá um borstaði, alls um 13.000 skráningarfærslur.

Um þessar mundir fer fram endurskoðun á gagnaverkefnum Orkustofnunar, sem, eins og hjá öðrum opinberum stofnunum, tengist Evróputilskipun um grunngerð landupplýsinga (INSPIRE).

Settur hefur verið upp sérstakur lýsigagnagrunnur til að halda utan um upplýsingar um öll stafræn kortagögn stofnunarinnar. Verið er að vinna að nýrri gagnastefnu og ýmis sértæk gagnasett eru í vinnslu.

Notagildi rafrænna heimilda er ótvírætt, til að mynda ef skoðaðar eru vefheimsóknir í desember þá eru um 16.000 heimsóknir í eitt af Þúsaldarnámskeiðum JHS, í nóvember var sama námskeið skoðað í 21.000 skipti og dæmi eru um 37.000 heimsóknir pr. mánuð á eitt vinsælt námskeið.

Dæmi um innanlandsnotkun á efni Orkustofnunar er að t.d. skýrsla um jarðfræði umhverfis Hafnarfjörð, fékk í nóvember 2012 um 10.000 heimsóknir og olíuleitarbæklingur hefur fengið um 2300 heimsóknir það sem af er desember.

Aukin miðlun rafræns efnis á vef og vefsjám rímar vel við stefnu stjórnvalda um upplýsingaskyldu stjórnvalda og að efni stofnana sé aðgengilegt borgurum og öðrum.

Leit að olíu og gasi

Þegar ég kom til starfa hafði þegar verið hafinn undirbúningur að útboði á leyfum til leitar og vinnslu kolvetna á Drekasvæðinu.

Þegar tilboð voru opnuð og í ljós kom að tvö fyrirtæki höfðu sótt um leyfi gaf það tilefni til ákveðinnar bjartsýni og trú að verkefnið væri komið á nýtt stig.

Hin alþjóðlega fjármálakreppa setti hins vegar strik í reikninginn og bæði fyrirtækin sem sóttu um hafa nú sameinast öðrum félögum.

Hvort það tengdist því eingöngu eða hvort gagnrýni sem fram hafði komið á regluverkið, þ.e. skattareglur og starfsreglur, hafði þar áhrif, skal ósagt látið hér.

Í framhaldinu var gerð endurskoðun á skattareglum og starfsreglum og það ásamt áframhaldandi kynningarstarfi átti að stuðla að betri árangri í næsta útboði.

Þegar útboðsferlinu lauk þann 2. apríl á þessu ári kom í ljós að 3 aðilar höfðu skilað inn umsókn.

Eftir umsagnarferli og greiningu Orkustofnunar var tveimur aðilum tilkynnt að þeir gætu fengið leyfi og þriðja aðilanum var gefinn frestur til þess að uppfylla skilyrði útboðsins.

Þar sem leyfissvæðin liggja innan sérstakra samningsmarka við Norðmenn hafa þeir á þessu stigi möguleika á að koma inn í verkefnið með 25 % hlutdeild.

Nú hafa norsk stjórnvöld tilkynnt að þau hyggist nýta sér þennan rétt og þann 19. desember mun norska stórþingið taka ákvörðun þar um. Þá munu félögin koma að verkefninu í gegnum ríkisfyrirtækið Petoro. Það virðist ekki leika neinn vafi á því að allir aðilar málsins líta á þessa aðkomu Norðmanna jákvæðum augum og að það styrkir verkefnið á margan hátt.

Stofnunarinnar bíður nú að takast á við nýjan áfanga, sem þýðir eftirlit með leitaraðilum, móttaka og greining gagna eftir því sem þau berast og samræming starfs þeirra aðila, þ.e. stofnana og ráðuneyta sem hafa aðkomu að málinu.

Sé litið tilbaka má segja að í upphafi árs 2009 vonuðumst við til þess að standa í þeim sporum sem við erum í nú. Það er hins vegar öllum ljóst sem að þessum málum koma að við verðum að búa okkur undir langt ferli sem við höfum mjög takmarkaða stjórn á og taka bæði sigrum og ósigrum með jafnaðargeði.

Ef það er vinnsluhæf olía á Drekasvæðinu finnum við hana að lokum með því að fá til okkar samstafs aðila til leitar sem afla nýrra gagna, sem með tímanum fylla í hið mikla púsluspil jarðsögunnar allt frá áður en dínósárar sprönguðu um á okkar slóðum.

Rammaáætlun

Ég hafði eins og margir aðrir vonast til þess að Rammaáætlun yrði komin á annað og æðra tilverustig þegar ég flytti jólaerindi mitt að þessu sinni.

Við bíðum nú afgreiðslu Alþingis og vonum að sú mikla vinna sem hefur verið lögð í verkið nýtist þannig að nýting landgæða okkar, hvort það sem er til verndar, orkuframleiðslu eða einhvers annars, fái umgjörð sem skapi sýn til lengri tíma og jákvætt vinnuumhverfi fyrir þá sem að þessum málum vinna og til lengri tíma.

Erlent samstarf

Árið 2008 var að frumkvæði IHA International Hydropower Association hrundið af stað alþjóðlegu samstarfi til þess að vinna úr fyrirliggjandi drögum að matslykli fyrir sjálfbærni vatnsorkuvirkjana.

Iðnaðarráðuneytið fyrir hönd Íslands, ásamt Norðmönnum og Þjóðverjum, ákvað að styrkja þetta starf og því tók orkumálastjóri sæti sem fulltrúi stjórnvalda í sérstökum vettvangi, Hydropower Sustainability Assessment Forum.

Þar voru og samankomnir fulltrúar alþjóðlegra félagasamtaka eins og World Wildlife Fund, Oxfam, Transparency International auk fulltrúa orkuframleiðenda og fjármálastofnanana.

Þetta starf varð töluvert umfangsmikið og tímafrekt en lauk með því að matslykillinn var samþykktur á fundi IHA í Iguassu í Júní 2011 og er nú beitt m.a. á nýjar vatnsorkuvirkjanir Landsvirkjunar.

Stjórnvöld hafa lagt mikla áherslu á að kynna nýtingu jarðhita á erlendri grund.

Þrátt fyrir töluverða möguleika Evrópulanda á þessu sviði hefur minna farið fyrir jarðhitánýtingu í áætlunum þess til lengri tíma.

Með fundi iðnaðarráðherra í Brussel í byrjun árs 2008 var gerð tilraun til þess að vekja athygli framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins á málinu.

Íslenskir vísindamenn á sviði jarðhita hafa verið mjög virkir innan svo kallaðs EERA samstarfs þar sem töluvert öflugt samstarf hefur náðst.

Í framhaldi af því fékkst fjárveiting í svo kallað Geothermal ERANET sem er samstarf stjórnsýslustofnana á sviði jarðhita í Evrópu upp á rúmlega 2 milljónir Evra.

Orkustofnun fer með stjórn verkefnisins en Rannís tekur einnig þátt í því fyrir Íslands hönd.

Megináhersla í verkefninu er samræming jarðhitarannsókna og gagnamála. Þróunarsjóður Efta styrkir meðal annars verkefni á sviði orkumála í 7 löndum innan Evrópusambandsins.

Það eru löndin sjálf sem velja sér verkefnasvið og nú eru að fara af stað verkefni á sviði jarðhita í þremur löndum Ungverjalandi, Rúmeníu og Portúgal þar sem Orkustofnun

veitir ráðgjöf við umsýslu og eftirlit. Búist er við að heildar fjárfestingar geti verið á bilinu 25 – 30 milljónir Evra.

Einnig er áhugavert að sjá að nýting jarðhita hefur fengið stærri hlut í 20 – 20 markmiðum einstakra Evrópulanda og í október mætti Öttinger, framkvæmdastjóri orkumála í Brussel á fund sem evrópskar stofnanir á sviði jarðhita efndu til.

Undir stórum skjá með mynd af Bláa Lóninu lýsti hann miklum áhuga á að efla hlut jarðhita meðal endurnýjanlegra orkugjafa í Evrópu.

Orkumálastjóri er nú fulltrúi Íslands í SETPLAN sem er samstarfsvettvangur Evrópulanda um stefnumörkun í tækniþróun á sviði orkumála þar sem markmið um þróun og nýsköpun innan Evrópu til lengri tíma er til umfjöllunar.

Starf Jarðhitaskóla Sameinuðu Þjóðanna hefur þrátt fyrir efnahagserfiðleika þjóðarinnar haldið úti mjög öflugum starfi síðstliðin ár.

Til viðbótar hinu almenna námi hefur nokkur fjöldi nemenda lagt stund á meistaranám og doktorsnám í samvinnu við Háskóla Íslands og síðan hefur verið haldið úti öflugum námskeiðum í þeim heimshlutum sem aðstoðin beinist að.

Þessi námskeið hafa ekki eingöngu náð til sérfræðinga heldur einnig stjórnenda og áhrifamanna.

Aðferðir og árangur Jarðhítaskólans standast vel samanburð við það besta sem hefur verið gert í þróunaraðstoð.

Með því að byggja upp innlenda þekkingu og tryggja að hún nýtist í starfi hefur verið lagður grunnur að því að þróunarlönd geti tekist á við uppbyggingu jarðhitánýtingar á eigin forsendum.

Kenýa hefur komist vel af stað sem kemur fram í því meðal annars að þeir kosta nú sjálfir viðbótarnemendur við Jarðhitaskólann.

Þar með hafa líka augu manna opnast fyrir því hvað jarðhitinn getur haft mikla þýðingu fyrir uppbyggingu og hagvöxt í afríkanska sigdalnum.

Nú nýlega var undirritaður samningur milli utanríkisráðuneytis, Norræna þróunarsjóðsins og Heimsbankans sem gæti falið í sér fjármögnun upp á rúmlega 500 milljónir dollara til jarðhitaverkefna þar.

Orkustofnun kemur að stjórn Norræna orkurannsóknarsjóðsins fyrir Íslands hönd og nýlega höfum við tekið að okkur aðild að svokölluðu NORDMIN verkefni sem fjallar um námavinnslu á landi og, ef við fáum vilja okkar framgengt, á hafsbotni.

Jarðhitaskólinn

Jarðhitaskólinn hefur frá upphafi þ.e. í 33 ár með einu hléi haft sama stjórnanda, dr. Ingvar Birgi Friðleifsson.

Það er virkilega hægt að tala um lífsstarf í þessu samhengi, svo samofnar eru tilvist Ingvars og skólans að leita þarf aftur til séra Friðriks og KFUM eða Hriflu Jónasar og Samvinnuskólans til þess að finna hliðstæður.

Ingvar hefur nú tilkynnt að hann muni láta af starfi forstöðumanns skólans á næsta ári og það verður mikið vandaverk að finna þann einstakling sem getur farið í fötin hans og haldið uppi merki skólans.

Starfsemi stofnunarinnar á Akureyri hefur haldist að mestu óbreytt.

Þar eru starfsmenn sem sinna:

- Orkusjóði sem sem styrkir hitaveituframkvæmdir á köldum svæðum og styrkir rannsókna og þróunarverkefni á sviði orkunýtingar,
- Orkusetri sem vinnur að orkusparnaði og betri orkunýtingu á köldum svæðum og í samgöngum og tekur þátt í erlendum samstarfsverkefnum á þessu sviði,
- Stjórnun á niðurgreiðslum til hitunar á köldum svæðum,
- Eldsneytismálum og innleiðingu vistvænna orkugjafa.

Nú mun hins vegar sá starfsmaður sem sinnt hefur eldsneytismálum flytjast til höfuðstöðvanna í Reykjavík um þessi áramót.

Raforkueftirlitið

Raforkueftirlitið var í upphafi tímabilsins fámennt enda ætlunin að reka það með lágmarks mannafla. Við hrunið kom upp mjög vond staða þegar flutningsfyrirtækið hafði gjaldskrá sína í dollurum og tekjumörk þess voru í íslenskum krónum.

Flutningsfyrirtækið taldi sig ekki geta lagað gjaldskrá sína að nýjum forsendum í verðminni krónum. Til vibótar þessu var raungengi krónunnar um langt tímabil haldið niðri með efnahagsaðgerðum þannig að sú leiðrétting sem að öllu jöfnu hefði átt að verða með launahækkunum og verðbótum kom ekki.

Sú skuld flutningsfyrirtækisins við sína viðskiptamenn sem þannig myndaðist var síðan gerð upp með nýjum raforkulögum 2011 þannig að eignastofninn var endurreiknaður í dollurum frá því fyrir hrun og tekjumörk voru færð yfir í dollara og flutningsfyrirtækinu var síðan gert að greiða tilbaka þá skuld sem hafði myndast í misgenginu á 10 árum.

Árið 2011 hlutaðist iðnaðarráðuneytið einnig til um að fengin var nefnd sérfræðinga á sviði raforkueftirlits frá stofnun vatna- og orkumála NVE í Noregi til þess að ræða við

fulltrúa stjórnslunnar og hagsmunaaðila og gera tillögur um breytingar á raforkueftirlitinu.

Þeirra skilaboð voru um vissa hluti mjög skýr. Annars vegar að það þyrfti að skerpa stjórnsluna á sviði raforkueftirlits, gera hana mun formlegri og taka mjög stíft á málum sem vörðuðu eftirfylgni með skilum og því að fyrirtækin uppfylltu skyldur sínar.

Þessar tillögur voru í mörgum atriðum samhljóða þeim nýju verkferlum sem höfðu verið unnir innan stofnunarinnar. Hins vegar var það álit þeirra að það væri ekki hægt að reka raforkueftirlit með sæmilegum hætti innan þess fjárhagsramma og með þeim mannafla sem hafði verið.

Í lok árs 2011 samþykkti Alþingi, að tillögu iðnaðarráðherra, breytingu á raforkulögum þannig að raforkueftirlitsgjaldið, sem fyrirtæki í flutningi og dreifingu greiða, var tvöfaldað og höfum við aukið við mannafla í framhaldi af því.

Þetta hefur gert okkur mögulegt að leggja mikla vinnu í að ljúka eldri uppgjörum og afgreiða beiðnir um breytingar á gjaldskrá og fleira. Raforkulögunum fylgdi líka ný skipan mála við ákvörðun leyfðrar arðsemi fyrir flutning og dreifingu.

Fyrsta ákvörðun um leyfða arðsemi á grundvelli nýrra laga var tekin í október á þessu ári. Þessi ákvörðun hefur verið kærð til úrskurðarnefndar og við verðum að sjá hver niðurstaða hennar verður.

Lokaorð

Þegar litið er yfir farinn veg þá hefur okkur tekist hlutverk okkar vel í flestum efnum.

Miklir áfangar hafa náðst í gagnamálum sérstaklega að koma þeim á rafrænt form, auka aðgengi að gögnum og við rekum einstakt bókasafn á okkar sviði.

Stjórnsluhlutverk okkar hefur verið í mikilli og jákvæðri uppbyggingu. Öll formleg umgjörð okkar, t.d. skjalastjórnun, hefur færst til betri vegar og við höfum náð að mæta nýjum verkefnum á sviði stjórnslu með sannfærandi hætti. Sérstaklega hefur vinna með samspil faglegrar stjórnslu og lögfræðinnar verið þroskandi úrlausnarefni.

Tekist hefur að fylgja eftir áætlunum stjórnvalda um olíuleit á Drekasvæðinu og ná áföngum þar sem til tíðinda hafa talist í olíuheiminum.

Erfið úrlausnarefni eins og t.d. leyfisveitingar fyrir orkuvinnslu á háhitasvæðum þar sem hætta var á að gengið væri of nálægt auðlindinni hafa verið leyst með farsælum hætti.

Við höfum í samstarfi við aðra kynnt möguleika jarðhitaauðlindarinnar og vatnsfalla til þess að draga úr kolefnislosun og átt aðild að alþjóðlegum verkefnum. Árangur þessa virðist hafa náð inn í áætlanir stjórnvalda og fyrirtækja víða um heim og aukið fjármagn er nú til ráðstöfunar.

Úr erfiðleikum raforkueftirlitsins á tímabilinu hefur verið leyst, ekki síst með vasklegri aðkomu ráðuneytisins sem vann að nauðsynlegum lagabreytingum og til þess að tryggja nauðsynlegan fjárhagslegan grunn starfseminnar.

Gerð rammaáætlunar var lokið á tímabilinu þótt vinna við afgreiðslu hennar yrði tímafrekari en menn sáu fyrir.

Ágætur árangur hefur náðst í kynningu á orkusparnaðarleiðum fyrir köld svæði og nokkru fé verið verið til að styrkja framkvæmdir. Notkun á eldsneyti í samgöngum hefur farið minnkandi, að einhverju leyti vegna betri orkunýtingar og að einhverju leyti vegna samdráttar í efnahagslífinu.

Við höfum átt gott samstarf við önnur ráðuneyti og stofnanir þeirra og nunnið að samstarfsverkefnum til þess að mæta nýjum þörfum, skapa samlegð, samræma aðferðir okkar og skapa gott aðgengi að gögnum.

[En hver eru þá helstu verkefni framundan.](#)

Við þurfum að skapa traustan samstarfsvettvang milli okkar og ANR. Mikilvægt er að skipting verkefna milli ANR og AUR á sviði auðlinda og auðlindanýtingar verði ljós og einnig hverjir verða okkar ábyrgðaraðilar og tengiliðir innan ANR fyrir mismunandi málaflokka.

Enn er talsvert verk óunnið í uppbyggingu raforkueftirlitsins miðað við nýjar forsendur. Upbygging og þróun nýrra verkferla verður að fara fram samhliða því sem við sinnum eftirlitsstarfi okkar.

Verklag kærumála þarf að fara yfir. Ef flest mál eru kærð til úrskurðarnefnda tvöfaldast vinnuálag okkar. Eins ef úrskurðarnefndir fella niður ákvarðanir okkar en breyta þeim ekki myndast stjórnarsýslulegt tómarúm þegar engin ákvörðun er gild.

Það er ljóst að kröfur okkar sjálfra og alþjóðasamfélagsins um gagnaskil eru mjög að aukast. Þetta veldur auknu vinnuálagi og kostnaði sem sjaldnast er tekið tillit til þegar breytingar á lögum og reglugerðum í þessa átt eru gerðar.

Þróun rannsókna og vísindaiðkana á okkar fagsviðum hafa tekið miklum breytingum. Það er að mörgu leyti jákvætt en það má ekki verða til þess að sértækar rannsóknir á sviði orkubúskapar og auðlindanýtingar sem þjóna þörfum ríkisins sem eiganda auðlindanna, stjórnarsýslunnar og eftirlits með iðnaðinum lendi úti á hjarni.

Það er verkefni okkar að greina þörfina og gera tillögur um þær rannsóknir sem framkvæma þarf.

Og enn leggjum við upp með áætlanir um nýja tækni og vistvæna orkugjafa fyrir samgöngur okkar og fiskiflotann.

Að lokum viljum við vinna að því að fjármagni til niðurgreiðslna verði að stærri hluta varið til orkusparnaðar hjá þeim sem búa við dýra orku til hitunar.

Ágætu starfsmenn

Á þessari stundu vil ég minnast Guðrúnar Bjarnadóttur ritara hjá orkumálastjóra. Hún lést á árinu, um aldur fram og eftir æðrulausa baráttu við hinn skæða óvin krabbameinið. Við minnumst hennar með eftirsjá og söknuði sem trausts samstarfsmanns og fyrir velvild hennar og hjálpsemi. Blessuð sé minning hennar.

Þegar við hittumst á nýju ári þá bíða okkar ný verkefni en líka þau gömlu sem við verðum að klára. Í Stokkhólmi voru verkefni sem erfitt var að losna við stundum kölluð súrdeig. Inn í ofninn með þau bara.

En það mesta sem við erum að fást við er þrátt fyrir allt spennandi og mjög gefandi vegna þess að við vitum að það sem við gerum skiptir máli fyrir þjóðarbúið og afkomu fólksins í landinu.

Við erum öll í sama liði og höfum skilað góðum árangri á þessu ári og höfum alla burði til þess að gera betur á því næsta.

Ég óska ykkur þess að þið fáið notið jóla- og nýárshelgarinnar með fjölskyldum ykkar og hlakka til að takast á við verkefnin með ykkur á nýju starfsári.